Kristín Einarsdóttir:

Skýrsla þingflokks á landsfundi Kvannalistans að Lýsuhóli 4.-6. nóvember 1988.

Ágætu kvennalistakonur!

~~Mér var falið að flytja ykkur skýrslu þingflokksins fyrir síðast liðið ár.~~ Nú er liðinn minn fyrsti vetur á þingi og sá annar að hefjast. Það var mikið ólíkt að ganga inní gráa húsið við Austurvöll nú í haust eða í fyrra. Þrátt fyrir góða leiðsögn þeirra "gömlu" tók það ótrúlegan tíma að venjast reglum og hefðum sem gilda á hinu háa Alþingi. Hæstvirtur, háttvirtur, herra, virðurlegur, með leyfi forseta, fór ~~t.d.~~ allt í eina bendu hjá mér og gleymdist stundum. Mörgu fleira þurfti auðvitað að venjast eins og gerist og gengur þegar byrjað er að starfa á nýjum vinnustað. Allt er þetta orðið miklu auðvaldara nú þótt enn hækki hjartsláttartíðnin og hendurnar fari stundum að skjálfa þegar ég er á leið í ræðustólinn. Ég get talað stanslaust í 2 klst. þegar ég er að kenna, en þarna inni renna orðin ekki eins lipurt nema þau séu þá niðurnjörfuð á blað fyrir framan mig.

Síðasta þing var mjög annasamt og lítið um afslöppun. Álagið var mikið í kringum jólin og var lítið um nætursvefn vikuna fyrir jól. Á Þorláksmessu átti ég t.d. alveg eftir að kaupa inn bæði mat og gjafir fyrir hátíðarnar. Mammma hafði að sjálfsögðu áhyggjur af tengdasyninum og dóttursonunum tveimur og sendi jólasmákökurnar eins og hún gerði hér áður fyrr þegar

það voru prófin hindruðu smákökubaksturinn. Ekkert hlé var gert milli jóla og nýárs. Aðeins tveggja vikna hlé var gert í janúar sem var aðallega notað til að undirbúa vorþingið. Við sem eigum heima í Reykjavík og nágrenni og þurfum innan við hálftíma til að komast heim til okkar er e.t.v. ekki mikil vorkunn, en ég hefði ekki viljað eiga heima t.d. á Vestfjörðum eða Austfjörðum og ætla að komast á milli yfir hátíðarnar. Annars heyrir maður helst að þessum þingmönnum sé ekki vorkun; ég held það geti unnið þetta lið. Það getur vel verið að einhverjir og kannski margir vinni lítið en ég verð að segja fyrir mig að mér finnst þetta fullt starf og meira en það.

Mörg stórmál voru tekin fyrir á s.l. þingi Efnahagsmállin tóku, eins og sjálfsagt venjulega, drjúgan tíma. Söluskattsfrumvarpið var þar mest áberandi eða ~~réttara sagt~~ matarskatturinn illræmdi. Með því að tala dag og nótt vöktum við sem vorum í stjórnarandstöðu athygli á þessari óhæfu. Fékk þessi óréttláta skattlagning þess vegna mikla umfjöllun í fjölmiðlum.

Kvótafrumvarpið s.k. og frv. um breytta verkaskiptingu milli ríkis og sveitarfélaga tók einnig mikinn tíma um jólaleytið. Þegar verið er að taka fyrir frumvörp í miklum önnum eins og t.d. fyrir jólin og í lok þings á vorin er erfitt að hafa samráð við konur utan þeirra sem mæta á þingflokksfundi. Stundum gefst aðeins meiri tími til samráðs og má í því sambandi nefna sem dæmi frv. til breytinga á barnalögum sem gerði ráð fyrir að hægt væri fyrir foreldara að taka upp s.k. sameiginlega forsjá við skilnað eða sambúðarslit og framhaldsskólafrumvarpið. Þá

var haft samband við konur út um landið og var ótrúlegt hvað mikið og gott starf þessar konur gátu innt af hendi á skömmum tíma. Það er alveg nauðsynlegt að við sem stöndum í því að framfylgja stefnu Kvennalistans m.a. inná þingi fáum síka hjálp og stuðning sem þetta veitir, fyrir nú utan hvað það er gaman að vinna á þennan hátt. Því miður er það ekki alltaf hægt, vegna tímaleysis bæði okkar og ekki síður annarra kvenna sem þurfa að taka af sínum frítíma í svona vinnu. Eins og þið munið þá byrjuðu konur á því á landsfundinum í fyrra að skrifa sig á lista eftir málefnum sem þær hefðu áhuga á að fylgast með. Frumvörp og till hafa svo verið sendar til kvenna eftir þessum listum. Mikilvægt er að fá viðbrögð varðandi þessi mál frá ykkur. Ekki bíða eftir að við hringjum, hringið ef þið viðjið koma einhverju á framfæri, ekki bara ef þið erud á móti einhverju eða óánægðar heldur ekkert síður ef þið eru ánægðar með eitthvað.

Þegar við leggjum fram okkar eigin mál er auðveldara að hafa samband við konur því að við getum sjálfar ráðið hvenær ~~þau~~ málin eru lögð fram.

Yfirleitt finnst mér allt of fáar konur mæta á þingflokksfundi. Ástæðurnar eru e.t.v. margar. Ein er vaflaust að þingflokksfundir eru á mjög leiðinlegum tíma þ.e. á mánudögum 5-7 og á miðvikud. 4-6 og eiga flestar konur erfitt með að mæta á fundum á þessum tíma. ~~Mjög~~ Erfitt er að breyta þessum tímum vegna annara starfa þingsins. Konur sem eiga langt að komast að sjálfsögðu ekki sama á hvaða tíma fundirnir eru.

Á síðasta ári reyndum við að hafa ákveðinn símatíma. Með því vildum við athuga hvort konur hringdu frekar í okkur ef auglýstur væri ákveðinn tími sem við værum við. Mjög fáar konur hringdu í símatímanum, en gaman var að tala við þá einu sem hringdi í mig í fyrra á auglýstum símatíma. Sem betur fer hringdu margar utan símatímans. Ég vil hvetja konur til að hringja í okkur ef þær langar að koma einhverju á framfæri. Ef ekki næst í okkur þá að skilja eftir skilaboð með símanúmeri og þá getum við hringt í ykkur. (af bls 3)

Síðastliðinn vetur var þingflokkurinn með hálftíma þátt einu sinni í viku á útvarpi Rót, sem heyrist á höfuðborgarsvæðinu þar í kring. Þetta er tilraun af okkar hálfu til að ná til fleiri með okkar mál. Anna Björnsson hefur haft umsjón með þessum þáttum. Því miður eru ekki margir sem hlusta á þessa útvarpsstöð en okkur fannst þess virði að reyna þetta.

Mikið er leitað til þingflokksins um að koma í alls konar viðtöl og að fara á fundi breyting frá fyrri tíma. Í seinni tíð hefur verið meira um að þingkonur fari í slíkt en var hér áður fyrr. E.t.v. erum við ekki nógu duglegar að ýta konum fram og "setja" þær í fjölmiðla "senda" þær á fundi, en það er nú einnig svo að ekki er alltaf auðvelt að fá konur til að taka slík að sér, ~~eftir því sem starfskonur okkar hafa reynt~~. Við sem erum komnar í ~~[illegible]~~hlutverk verðum þá bara að gjöra svo vel hvort sem okkur líkar betur eða ver.

Á síðasta þingi voru þingkonur Kvennalistans tíu. Guðrún Halldórsdóttir, Sigríður Lillý Baldursdóttir, Anna

Ólafsdóttir Björnsson og Ingibjörg Daníelsdóttir sátu allar á þinginu fyrir utan okkur föstu. Guðrún Halldórsdóttir var 3 vikur á þinginu nú í haust.

Mál sem við fluttum á síðasta þingi eða vöktum athygli á með fyrirspurnum voru á ýmsum sviðum.

~~Í umhverfismálum má nefna umhverfisfræðslu, einnota umbúðir, endurvinnslu, fyrirs um mengun eiturefni~~

~~Í skóla og uppeldismálum~~

~~Byggðamál~~

~~Valddreifing~~

Liggja frammi lista þar sem talin eru upp þau m. ~~en þingmálum~~ ?
sem flutt voru á s.l. þingi og það sem komið er fram á þessu þingi
og möppur m. þingmálum

~~Spyrja ef það~~
~~Líta á þetta og spyrja ef það~~

Margt ~~sem~~ það þekkið flestar vel en ~~spyrjið óttlaus~~ ~~lítið á~~ þið getið litið á yfir þetta og spyrja óttlaus hér í dag og á morgun